

L Ö G

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenzkra berklasjúklinga að stofna vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í sex flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag annars hvers mánaðar frá febrúar til desember ár hvert.
- b. Hlutina má aðeins selja í heilu lagi. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga.
- c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 6 flokkum.
- d. Drættirnir fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% við- 14
auka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo 16. marz
og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með
skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

15

16. marz

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til
eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árun-
um 1949 og 1950.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

16

16. marz

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr staf-
liður, svo hljóðandi: